
Peter Grimes

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan

22. maí KL. 19:30 í Eldborg



Vinsamlega hafið slökkt á farsímum meðan á flutningi stendur.

Áætluð tímalengd á flutningi óperunnar með tveimur hléum er u.þ.b. þrjár klukkustundir.

Tónleikauppfærsla óperunnar er samstarfsverkefni Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Íslensku óperunnar, Hörpu og Listahátíðar í Reykjavík.

© Boosey And Hawkes Music Publ Ltd, London/Gehrmans Musikförlag AB, Stockholm.



@icelandsymphony @IslenskaOperan #PeterGrimes

Peter Grimes

Tónleikauppfærsla í Eldborg 22. maí 2015 » 19:30

Benjamin Britten

Peter Grimes (1944–45)

Inngangur

Salur í samkomuhúsi þar sem réttarrannsókn fer fram.

Fyrsti þáttur

Millispil I—

1. atriði: *Á götu við hafid. Kaldur, grár morgunn.*

Millispil II—

2. atriði: *Á sveitakránni „Geltinum“ sama kvöld.*

Hlé (20 mínútur)

Annar þáttur

Millispil III—

1. atriði: *Á götu í þorpinu við ströndina, líkt og áður.*

Millispil IV (Passacaglia)—

2. atriði: *Kofi Peters Grimes, bátur á hvolfi.*

Síðar sama morgun.

Hlé (10 mínútur)

Þriðji þáttur

Millispil V—

1. atriði: *Á götunni við ströndina, nokkrum kvöldum síðar.*

Millispil VI—

2. atriði: *Sama stað, nokkrum klukkustundum síðar.*

Daníel Bjarnason hljómsveitarstjóri

Peter Grimes, sjómaður *Stuart Skelton*

Drengur (John), lærlingur hans *Theodór Pálsson*

Ellen Orford, ekkja, kennslukona í þorpínu *Judith Howarth*

Balstrode skipstjóri, fyrrum farmaður *Ólafur Kjartan Sigurðarson*

Frænka, veitingakona á „Geltinum“ *Hanna Dóra Sturludóttir*

Smáfrænka 1, aðalaðdráttarafl „Galtarins“ *Hallveig Rúnarsdóttir*

Smáfrænka 2, aðalaðdráttarafl „Galtarins“ *Lilja Guðmundsdóttir*

Robert Boles, heittrúaður sjómaður *Snorri Wium*

Swallow, lögmaður *Viðar Gunnarsson*

Frú (Nabob) Sedley, ekkja umboðsmanns Austur-Indíafélagsins *Ingveldur Ýr Jónsdóttir*

Séra Horace Adams, prestur þorpsins *Garðar Thór Cortes*

Ned Keene, lyfsali og skottulæknir *Oddur Arnþór Jónsson*

Hobson, ekill *Jóhann Smári Sævarsson*

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Kór Íslensku óperunnar

Guðmundur Óli Gunnarsson kórstjóri

Salka Guðmundsdóttir þýðandi

Kolbrún Halldórsdóttir sviðssetning

Þórunn S. Þorgrímsdóttir útlit

Páll Ragnarsson lýsing

Um óperuna



Benjamin Britten (1913–1976) var eitt mesta óperutónskáld síðustu aldar; enginn annar óperuhöfundur aldarinnar – að Richard Strauss undanskildum – á jafnmörg verk á fastri verkaskrá óperuhúsa um allan heim. Yfirburðir Brittens meðal óperutónskálda upp úr miðri 20. öld sjást hvað best á því að í það minnsta fimm óperur hans teljast nú „repertoire“-stykki, hafa öðlast fastan sess sem lykilverk. Önnur tónskáld árána um 1940–1975 máttu hrósa happi ef jafnvel ein ópera þeirra náði sama marki; til dæmis Ígor Stravinskíj með *The Rake's Progress* (1951) og Francis Poulenc með *Dialogues des carmélites* (1956).

Óperan *Peter Grimes* átti sér fremur langan aðdraganda. Britten var fæddur og uppalinn í Bretlandi en hélt vorið 1939 til Bandaríkjanna, bæði til þess að flýja yfirvofandi ógn í Evrópu en ekki síður til að finna sjálfan sig í heiminum. Með honum í för var tenórsöngvarinn Peter Pears, sem varð upp frá þessu lífsförunautur hans. Þegar Britten og Pears voru staddir í Kaliforníu sumarið 1941 lásu þeir grein sem E.M. Forster hafði nýverið ritað um 18. aldar skáldið George Crabbe og kvæði hans, *The Borough*. Þetta kveikti áhugann og ekki leið á löngu þar til þeir höfðu orðið sér úti um ljóðasafn Crabbes. Þegar þeir sneru aftur til Lundúna ári síðar var ópera um þetta kvæði þeim ofarlega í huga og skáldið Montagu Slater tók að sér textasmíðina. Óperan hafði líka sín áhrif á hina hversdagslegri hlið lífsins því að Britten og Pears settust að í Aldeburgh, smábænum við ströndina í Suffolk þar sem Crabbe hafði eitt sinn starfað og sem hafði verið innblástur kvæðisins – og þar áttu þeir heima allt til æviloka.

Grundvallarmunur er á ljóði Crabbes og óperunni. Hjá Crabbe er Peter Grimes illmenni sem kemur níðingslega fram við vinnupilta sína en hjá Britten og Slater liggur samúðin að nokkru leyti hjá honum sem fórnarlambi. Grimes er sannarlega klaufskur, ólánsamur og í ójafnvægi hvað tilfinningarnar snertir, en dauði piltanna stafar ekki af mannvonsku hans. Þvert á móti er gefið í skyn að harmræn framvindan sé að einhverju leyti knúin áfram af dómhörðum múg sjávarþorpsins, sem lætur orð yfirvaldsins sem vind um eyru þjóta og tekur jafnvel lögin í sínar hendur.

Britten á Íslandi

Íslenskir óperuunnendur fengu fyrst að kynnst verkum Brittens á sviði árið 1970, þegar Skoska óperan kom hingað til lands og flutti tvær óperur hans sem gestaleik í Þjóðleikhúsinu, *Albert Herring* og *Tökin hert*. Íslenska óperan hefur áður sýnt tvær af hinum stærri óperum Brittens, *Lúkretía svívirt* (2000) og *Tökin hert* (2005). Þá hefur Íslenska óperan einnig sett upp tvær barnaóperur hans, *Litla sótarann* (1982 og 1988) og *Nóaflóðið* (1984). *Nóaflóðið* var auk þess sýnt á Listahátíð í Reykjavík árið 1972.

 @BrittenOfficial

Tónlistin á Íslandi

Peter Grimes hefur aldrei hljómað áður í heild á sviði á Íslandi en Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur fimm sinnum flutt svítu með fjórum hljómsveitarþáttum úr óperunni, Sea Interludes.

Sjávarmyndirnar voru fluttar undir stjórn Páls P. Pálssonar 1957 og 1967, Jean-Pierre Jacquillat stýrði þeim árið 1985, Frank Shipway árið 1991 og Petri Sakari fjórum árum síðar.

Einnig má geta þess að Sjávarmyndirnar voru það fyrsta sem hljómaði úr Peter Grimes á öldum ljósvakans hér á landi. Það var í Ríkisútvarpinu á sjómannadaginn 1951 og verður það að teljast vel tilfundnið.

Tónlistin í *Peter Grimes* er af margvíslegum toga. Ljóðrænar hendingar falla helst í skaut Grimes og velunnara hans, Ellen Orford; með því að sýna mannlega hlið þeirra kyndir tónskáldið undir samúð áhorfandans. Kórinn gegnir veigamiklu hlutverki sem hinn ónafngreindi múgur þorpsbúa; sérlega áhrifamikill er kaflinn þar sem hópurinn kallar nafn sjóarans og heimtar hefnd. Hljómsveitin á einnig stóran þátt í áhrifum verksins, ekki síst með sex viðamiklum millipáttum sem eru eins konar stemningsmyndir af sjávarþorpi, hafi og aftakaveðri. Einn kaflanna – á milli fyrsta og annars atriðis í 2. þætti – er í gamalkunnu formi barokktónlistar, *passacaglia*, þar sem síendurtekið bassastef hljómar undir viðkvæmu víólustefi sem getur af sér mörg tilbrigði. Britten sjálfur var einmitt víóluleikari í æsku og samkvæmt frásögn hans var þetta tiltekna stef eins og „mynd af Grimes í tónum“. Þótt *Peter Grimes* sé í grunninn harmræn ópera lætur Britten slakna á spennunni hér og þar með því að skjóta inn gamansömum köflum, til dæmis *Old Joe has gone fishing* þar sem þorpsbúar slá saman í fjörugan keðjusöng í misskiptum takti. Breiddin í stíl er einmitt eftirtektarverð. Stundum bregður fyrir léttum tónum kabarettisins, til dæmis í kímilegum frænkusöngnum við upphaf 3. þáttar, en í ljóðrænum og óvenjuháum sóprantónum kvartettsins í 2. þætti má greina áhrif úr allt annarri átt – frá *Rósar-riddaranum* eftir Richard Strauss, sem Britten kynnti sér vandlega einmitt um það leyti sem ópera hans varð til.

Peter Grimes var frumflutt við Sadler's Wells óperuna í Lundúnum í júní 1945 – fyrir rétt tæpum 70 árum. Verkinu var þegar í stað tekið sem meiriháttar framlagi til greinarinnar; með *Peter Grimes* þótti Britten hafa sannað að bresk ópera væri listgrein með framtíðina fyrir sér. Velgengnin var slík að Britten samdi nýja óperu svo að segja árlega um skeið. Meðal þeirra helstu eru gamanóperan *Albert Herring* (1947), *Billy Budd* (1951) eftir sögu Hermans Melville, *Gloriana* (1953), söguleg ópera um Elísabetu I og samin fyrir krýningarhátíð nöfnu hennar, *The Turn of the Screw* (Tökin hert, 1954) sem byggð er á draugasögu eftir Henry James, og *A Midsummer Night's Dream* (Draumur á Jónsmessunótt, 1960), sem er gamanópera eftir leikriti Shakespeares. Síðasta ópera Brittens var *Death in Venice* (Dauði í Feneyjum, 1973) eftir rómaðri sögu Thomasar Mann.

Enginn vafi leikur á því að *Peter Grimes* er ein merkasta ópera 20. aldar. Í henni kannar Britten viðfangsefni sem áttu eftir að fylgja honum alla tíð – stöðu einstaklingsins í þjóðfélaginu og mörk sakleysis og sektar. Grimes er hvorki hetja né skúrkur heldur fórnarlamb aðstæðna, ekki ósvipað *Wozzeck* í samnefndri óperu Albans Berg. Og þótt sjötíu ár séu liðin frá frumflutningnum er erindi *Peter Grimes* við nútímann óskert, nú þegar dómharka og múgæsing, aðkast og ofsóknir í krafti fjöldans virðast síst á undanhaldi.

Árni Heimir Ingólfsson

Söguþráður

Lítið sjávarþorp á austurströnd Englands, um 1830.



Grimes í Aldeburgh
Mynd: Robert Workman

Inngangur

Í ráðhúsinu yfirheyrir lögmaðurinn Swallow sjómanninn Peter Grimes vegna andláts ungs lærlings hans í miklum stormi á hafi úti. Þrátt fyrir að viðstaddir séu greinilega andsnúnir Grimes, tekur lögmaðurinn skýringar hans á kringumstæðum gildar og útskurðar að drengurinn hafi látist af slysförum. Hann varar Grimes við að taka sér annan lærling þar til hann taki saman við konu sem getur annast drenginn. Þegar salurinn tæmist, hvetur kennslukonan Ellen Orford Grimes til að sýna hugrekki og lofar að hjálpa honum að öðlast betra líf.

1. þáttur

Þorpsbúar horfa til sjávar við ströndina. Balstrode, skipstjóri sem hættur er störfum, varar við yfirvofandi stormi. Grimes kallar eftir hjálp við að ná bát sínum á land. Lyfsalinn Ned Keene segist hafa fundið nýjan lærling fyrir hann. Þegar ekillinn Hobson neitar að sækja drenginn, býðst Ellen til að fara með honum. Þorpsbúar kasta fram heiftúðugum athugasemdum og hún sakar þau um tvískinnung. Stormurinn færast í aukana og hópurinn leysist upp. Balstrode reynir að sannfæra Peter um að yfirgefa þorpið. Peter útskýrir að fyrst þurfi hann að græða næga peninga til að opna verslun og kvænast Ellen.

Sama kvöld í vitlausu veðri koma þorpsbúar saman á krá Frænku, Geltinum. Ungar „frænkur“ hennar eru hræddar við storminn og lenda Bob Boles og Balstrode í átökum vegna annarrar þeirra. Þegar Grimes kemur inn í leit að hinum nýja lærlingi sínum fellur þögn á hópinn og hann fer að tala við sjálfan sig. Hinn drukni Boles reynir að ráðast á Grimes. Til þess að létta stemmninguna hefur Ned Keene að syngja sjóaravísu. Hobson og Ellen koma með nýja lærlinginn fyrir Grimes, John. Grimes hverfur út í storminn og heldur með drenginn til kofa síns.

2. þáttur

Á sunnudagsmorgni, þegar Ellen og John fylgjast með þorpsbúum ganga til kirkju, sér hún sár á hálsi drengsins. Grimes hyggst halda til veiða ásamt drengnum og þegar Ellen segir að hann geti ekki keypt sér frið með óhóflegri vinnu, slær hann hana og dregur drenginn í burtu. Frænka, Ned Keene og Bob Boles verða vitni að atvikinu og söfnuðurinn heyrir af því þegar þau koma úr kirkju. Karlmennirnir

ákveða að fara til fundar við Grimes og þrátt fyrir mótmæli Ellenar heldur reiður múgurinn af stað til kofa hans. Ellen, Frænka og Smáfrænkurnar eru eftir og velta fyrir sér hve barnalegir menn geta verið.

Grimes skipar John að klæða sig í vinnufötin. Hann lætur sig dreyma um lífið sem hann hefur ráðgert með Ellen, en hugurinn leitar til hins látna lærlings. Hann heyrir múginn nálgast og drífur John út. Drengurinn rennur til og fellur fyrir björg. Grimes flýr. Bob Boles og Horace Adams koma að kofanum mannlausum en snyrtilegum og telja að þeir hafi haft Grimes fyrir rangri sök. Mannfjöldinn leysist upp, en Balstrode verður eftir, horfir yfir björgin og veit betur.

3. þáttur

Dansleikur er í fullum gangi í ráðhúsinu. Fyrir utan reynir Frú Sedley að sannfæra Ned Keene um að Grimes hafi myrt lærlinginn sinn. Balstrode kemur ásamt Ellen og segir henni að bátur Grimes sé fundinn en hvorki Grimes né drengurinn séu um borð. Hann hafi hins vegar fundið peysu Johns og Ellen rifjar upp þegar hún saumaði út akkeri í peysuna. Frú Sedley heyrir þessi orðaskipti og upplýsir Swallow lögmann um að bátur Grimes sé fundinn. Múgurinn ræðst að nýju í leit að Grimes.

Á meðan hlýðir örvinglaður og ráðvilltur Grimes á þorpsbúa kalla nafn hans í fjarlægð. Hann tekur varla eftir því þegar Ellen og Balstrode reyna að hughreysta hann. Ellen biður Grimes að koma heim, en Balstrode ráðleggur honum að sigla bát sínum á haf út og sökkva honum. Þegar morgnar snúa þorpsbúar aftur til daglegra starfa sinna.

Daníel Bjarnason

hljómsveitarstjóri



 @DanielBjarnason

Daníel Bjarnason lauk burtfararprófi í píanóleik frá Tónlistarskóla FÍH vorið 2000. Sama ár hóf hann nám í tónsmíðum og hljómsveitarstjórn við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi í hvoru tveggja vorið 2003. Daníel stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004-2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn.

Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar m.a. nefna Los Angeles Philharmonic, New York Philharmonic, Toronto Symphony Orchestra, Melbourne Symphony Orchestra, BBC Scottish Symphony Orchestra, Residentie Orkest, Ulster Orchestra, Winnipeg Symphony Orchestra, Adelaide Symphony Orchestra, Britten Sinfonia og Sinfonietta Cracovia auk Hljómsveitar Íslensku óperunnar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Einnig hefur hann starfað með fjölmörgum stjórnendum svo sem Gustavo Dudamel, James Conlon, John Adams, André de Ridder, Ilan Volkov og Alexander Mickelthwate auk þess að eiga samstarf við ýmsar hljómsveitir á borð við Sigurrós, Hjaltalín og Efterklang. Daníel hefur einnig stjórnað sýningum Íslensku óperunnar á *Ástardrykknum*, *Rigoletto*, *Töfraflautunni* og *La bohème*.

Daníel hefur gefið út þrjár plötur hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013). Daníel hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin, Edduverðlaunin, Kraumsverðlaunin og styrk úr minningarsjóði Kristjáns Eldjárns.

Einsöngvarar



 @StuartSkelton

Stuart Skelton (Peter Grimes) hefur komið fram í mörgum af helstu óperuhúsum heims, þar á meðal Metropolitan-óperunni í New York, óperuhúsunum í Seattle og San Francisco, Ensku Þjóðaróperunni (ENO), Parísaróperunni, Ríkisóperunni í Berlín, Deutsche Oper í Berlín og Vínaróperunni. Meðal hlutverka hans má nefna titilhlutverkin í *Lohengrin*, *Parsifal* og *Peter Grimes* auk Florestan í *Fidelio*, Erik í *Hollendingnum fljúgandi*, Bakkus í *Ariadne á Naxos*, Max í *Der Freischütz*, Canio í *Pagliacci* og Siegmund í *Niflungahringnum*. Hann hefur tekið þátt í flutningi á *Das Lied von der Erde* eftir Mahler, Niundu sífóníu Beethovens og sálumessum eftir Verdi og Dvořák. Skelton hefur komið fram með sífóníuhljómsveitunum í Atlanta, Boston, Chicago, Cleveland, San Francisco og Montreal, með Fílharmoníusveitinni í Los Angeles, Sífóníuhljómsveit Lundúna-borgar og sífóníuhljómsveitunum í Sydney og Melbourne. Hann hefur komið fram á tónlistarhátíðunum í Edinborg og Luzern og á BBC Proms og unnið með hljómsveitarstjórum á borð við Vladimir Ashkenazy, Daniel Barenboim, Jiri Bělohávek, Christoph von Dohnányi, Christoph Eschenbach, Mariss Jansons, James Levine, Lorin Maazel og Sir Simon Rattle.

Skelton hefur margoft sungið hlutverk Peters Grimes, m.a. við Ensku Þjóðaróperuna í rómaðri leikgerð Davids Alden, á tónleikum á BBC Proms og með Lundúnafílharmoníunni undir stjórn Vladimirs Jurowski. Hann hefur í tvígang hlotið Sir Robert Helpman-verðlaunin, fyrir túlkun sína á Siegmund í *Niflungahring* Wagners árið 2005 og aftur árið 2010 fyrir Peter Grimes með Opera Australia sem besti karlsöngvari í aðalhlutverki. Hann var tilnefndur til Olivier-verðlaunanna fyrir framúrskarandi frammistöðu í hlutverki Peter Grimes með Ensku Þjóðaróperunni árið 2010. Á þessu ári mun Skelton í fyrsta sinn takast á við hlutverk Tristans í *Tristan og Ísold* eftir Richard Wagner með Sífóníuhljómsveinni í Sydney, og á næsta ári syngur hann hlutverkið við Metropolitan-óperuna í New York undir stjórn Sir Simon Rattle.



 @JudithHowarthDiva



 @CortesOfficial

Judith Howarth (Ellen Orford) hóf feril sinn sem söngkona við Covent Garden-óperuna í Lundúnum, þar sem hún var fastráðin í níu ár og söng fjölda hlutverka, meðal annars Musettu í *La bohème*, Liù í *Turandot* og Gildu í *Rigoletto*, Hún hefur síðan sungið m.a. Ellen Orford (*Peter Grimes*) í Toulouse og í Síle, og Víólettu í *La traviata* við Minnesota-óperuna, Ensku þjóðaróperuna og Glyndebourne. Þá hefur hún sungið Frú Maó í *Nixon in China* við Ensku þjóðaróperuna, sálumessu Verdis í Royal Albert Hall, og titilhlutverkið í *Madama Butterfly* við Helsinki-óperuna.

Á tónleikapalli hefur hún m.a. haldið tónleika með Plácido Domingo í viðamikilli tónleikaferð og sungið *Fjóra síðustu söngva* eftir Richard Strauss undir stjórn Sir Simons Rattle. Hún hefur komið fram á tónlistarhátíðum á borð við Proms í Lundúnum, sem og sumarhátíðunum í Edinborg, Salzburg og Tanglewood. Meðal stjórnenda sem hún hefur starfað með má nefna Bernard Haitink, Sir Colin Davis, Sir Georg Solti, Claudio Abbado, Sir John Eliot Gardiner og Daniel Barenboim. Nýverið söng hún hlutverk Ellen Orford í *Peter Grimes* við Ensku þjóðaróperuna og mun næsta vetur syngja hlutverkið við Deutsche Oper í Berlín.

Gardar Thór Cortes (Séra Horace Adams) hóf söngnám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur árið 1993 og útskrifaðist þaðan fjórum árum síðar. Eftir það stundaði hann nám við Hochschule für Darstellende Kunst und Musik í Vínarborg, sótti einkatíma hjá André Orlowitz í Kaupmannahöfn og stundaði nám við óperudeild Konunglega tónlistarháskólans í Lundúnum. Gardar Thór hefur komið víða fram og haldið einsöngstónleika, sungið í söngleikjum, óratoríum og óperum hér heima, víðsvegar í Evrópu og einnig í Bandaríkjunum. Gardar hefur sungið á tónleikum með Símfóníuhljómsveit Íslands og með sópransöngkonunni Kiri Te Kanawa. Hann kom fram á lokatónleikum Proms-tónlistarhátíðarinnar í London og söng þar fyrir tugþúsundir.

Meðal óperuhlutverka sem Gardar hefur sungið eru Ferrando í *Così fan tutte*, Fenton í *Falstaff*, Alfredo í *La traviata*, Rinuccchio í *Gianni Schicchi*, Ítalskur söngvari í *Der Rosenkavalier*, Vakula í *Cherevichki*, Chanfalla í *Das Wundertheater*, Rodolfo í *La bohème*, Hertoginn í *Rigoletto* og Alberto í *L'occasione fa il ladro*. Hann söng hlutverk *Don*

Ramiro í *Öskubusku* árið 2006 og hlutverk Nemorino í *Ástardrykknum* árið 2009 hjá Íslensku óperunni. Haustið 2011 tók Garðar þátt í 25 ára afmælisýningu *The Phantom of the Opera* í Royal Albert Hall sem var send beint út í bíóhúsum um allan heim. Garðar Thór hefur hefur sungið í þremur uppfærslum Íslensku óperunnar í Hörpu, Tamino í *Töfraflautunni*, Rodolfo í *La bohème* og Don José í *Carmen*. Hann kom fram á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í janúar síðastliðnum.



Hallveig Rúnarsdóttir (Smáfrænka 1) hóf söngnám hjá Sigurði Demetz árið 1991. Hún lauk 8. stigi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Rutar L. Magnússon árið 1998. Það sama ár hóf hún nám hjá Theresu E. Goble við Guildhall School of Music and Drama í London og útskrifaðist þaðan með láði sumarið 2001. Hallveig hefur sungið nokkur óperuhlutverk, flest hjá Íslensku Óperunni en einnig víðar. Meðal hlutverka hennar eru Micaëla í *Carmen* eftir Bizet, Fiordiligi í *Così fan tutte* eftir Mozart, Gianetta í *Ástardrykknum* eftir Donizetti, Echo í *Ariadne á Naxos* eftir Richard Strauss og Voce dal Cielo í *Don Carlo* eftir Giuseppe Verdi. Hún hefur komið fram sem einsöngvari víða um heim, hún hefur sungið sópranhlutverkið í mörgum helstu stórverkum tónbókmenntanna og hefur sungið margoft með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk fjölda annarra hljómsveita bæði hér á landi og erlendis.

Hallveig hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins í sígildri- og samtímatónlist árið 2013 fyrir hlutverk sitt sem Micaëla í *Carmen* hjá Íslensku óperunni. Hún var tilnefnd til Grímuverðlaunanna sem Söngvari ársins árið 2014 fyrir sama hlutverk.

Hanna Dóra Sturludóttir (Frænka) stundaði söngnám hjá Kristni Sigmundssyni og Snæbjörgu Snæbjarnardóttur við Söngskólann í Reykjavík áður en hún hélt til framhaldsnáms við Listaháskólann í Berlín. Kennarar hennar þar voru m.a. Dietrich Fischer-Dieskau og Aribert Reimann og útskrifaðist hún með viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur. Stuttu síðar fékk hún tilnefningu sem efni-legasta söngkona Þýskalands.

Hanna Dóra hefur sungið við mörg helstu óperuhús Þýskalands, meðal annars í Bonn, Weimar, Gelsenkirchen, Kassel og Berlín.



Á meðal þeirra um það bil 40 hlutverka sem hún hefur túlkað á ferlinum eru Greifynjan í *Brúðkaup Fígarós*, Cio Cio San í *Madame Butterfly*, Marie í *Wozzeck*, Miss Jessel í *Tökin hert* og titilhlutverkið í óperunni *Ariadne á Naxos* sem hún söng í Íslensku óperunni 2007. Haustið 2010 söng Hanna Dóra *Miss Donnithorne's Maggot* eftir Peter Maxwell Davies í Staatsoper í Berlín og hlaut fyrir það mikið lof gagnrýnenda. Hanna Dóra hefur komið fram á tónleikum vítt og breitt um Þýskaland, öðrum Evrópulöndum sem og í Katar og Egyptalandi.

Undanfarin ár hefur Hanna Dóra verið einn aðalsöngvari óperusmiðjunnar Novoflot í Berlín sem sér hæfir sig í nýrri óperutónlist og tekið þátt í fjölmörgum frumuppfærslum. Sumarið 2012 var hún í aðalhlutverki í sviðsverkinu *Wagnerin* sem hópurinn setti upp í samstarfi við Staatsoper í München. Á Íslandi hefur hún haldið fjölda ljóðatónleika og sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands við fjölmörg tækifæri og síðastliðið vor söng Hanna Dóra verk Arnold Schönberg, *Pierrot Lunaire*, með Kammersveit Reykjavíkur á Listahátíð í Reykjavík. Hanna Dóra var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2013 fyrir flutning sinn á *Wesendonckljóðum* Richards Wagner með Sinfóníuhljómsveit Íslands vorið 2013 og fyrir túlkun sína á titilhlutverkinu í *Carmen* eftir Bizet hjá Íslensku óperunni. Hún söng hlutverk Eboli prinsessu í uppsetningu Íslensku óperunnar á *Don Carlo* eftir Verdi nú í haust og hlaut í kjölfarið Íslensku tónlistarverðlaunin sem Söngkona ársins 2014.



Ingveldur Ýr Jónsdóttir (Mrs. Sedley) hefur komið fram víða um heim bæði á óperusviði og á tónleikapallinum. Ingveldur Ýr hefur fengið fjölda viðurkenninga og styrki fyrir flutning sinn og þátttöku í verkefnum ma. frá Reykjavíkurborg, Evrópusambandinu, FÍL, 92nd St. Y í New York og Meistersinger söngkeppninni í Graz. Ingveldur Ýr var um skeið fastráðin við óperuna í Lyon í Frakklandi og söng þar stór og smá hlutverk með stjórnendum á borð við Kent Nagano og Sir Neville Marriner. Við Bastilluóperuna söng Ingveldur Nornina í *Hans og Grétu* og hefur sungið á alþjóðlegum tónlistarhátíðum, m.a. á Tanglewood-hátíðinni í Bandaríkjunum í *Peter Grimes* undir handleiðslu Seiji Ozawa.

Á íslensku óperusviði söng Ingveldur Ýr aðalhlutverk í uppfærslum á *Évgení Ónegin*, *Niflungahringnum*, *Á valdi örlaganna*, *Così fan tutte*, *Z-Ástarsaga*, *Dido og Eneas*, *Sweeney Todd*, *Rake's Progress* og *Suor Angelica*. Ingveldur Ýr hefur margsinnis komið fram með Sinfóníu-hljómsveit Íslands, m.a. í *Guðrúnarkviðu* eftir Jón Leifs; 9. sínfóníu Beethovens, *Carmen*, á Vínartónleikum og í D-dúr messu Dvořáks og syngur einnig með hljómsveitinni á disknum *Hafís* í útgáfu BIS á verkum Jóns Leifs. Aðrar hljómplötuupptökur eru *Íslenska einsöngslagið* í útgáfu Gerðubergs og *Fjólan* í minningu Þórarins Jónssonar. Ingveldur Ýr gaf nýverið út einsöngsdiskinn *Portrett* með úrvali af lögum frá ferli sínum, við útsetningar Þorvaldar Bjarna Þorvaldssonar og hljóðfæraleik Caput-hópsins.

Meðfram starfi sínu sem söngkona hefur Ingveldur Ýr um árabil rekið sitt eigið söngstúdíó og staðið fyrir kennslu í raddbeitingu og söng af ýmsu tagi. Hún þjálfar sönghópa og kóra, m.a. sönghópin Spectrum og lauk kórstjóraprófi frá Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Hún kennir einnig raddbeitingu við Háskólann í Reykjavík.



Jóhann Smári Sævarsson (Hobson) stundaði framhaldsnám í söng við óperudeild Royal College of Music og Royal Academy of Music í London. Að námi loknu réði hann sig til Kölmaróperunnar í þrjú ár, og var síðan á föstum samningi við óperuna í Regensburg. Jóhann hefur sungið sem gestasöngvari við fjölda óperuhúsa í Evrópu. Hann hefur starfað með ýmsum frægum hljómsveitastjórum, m.a. Bernard Haitink, Kent Nagano, James Conlon og Gennadi Rozhdestvensky, og hljómsveitum á borð við London Philharmonic, BBC Concert Orchestra, Gurzenich Orchester og WDR útvarpshljómsveitina í Köln.

Jóhann hefur sungið yfir 50 hlutverk á ferlinum, þar á meðal titilhlutverkið í *Évgení Ónegin*, Baron Ochs í *Rósarriddarunum*, Filippo II í *Don Carlo*, Don Magnifico í *Öskubusku*, Sarastro í *Töfraflautunni*, Leporello í *Don Giovanni*, Rocco í *Fidelio*, Hollendinginn og Daland í *Hollendingnum fljúgandi*, titilhlutverkið í *Gianni Schicchi*, Tevje í *Fiðlaranum á þakinu*, Scarpia úr *Tosca* og titilhlutverkið í *Mefistofele* eftir Boito. Jóhann söng hlutverk Skugga í óperunni *Hel* efir Sigurð Sævarsson á Listahátíð 2009. Meðal verka á tónleikum hérlendis og erlendis eru Requiem Verdis, Requiem Mozarts, 9. sínfónía

Beethovens, Sköpunin eftir Haydn og 8. sínfónía Mahlers, m.a. með Berlínarfílharmóníunni. Jóhann Smári söng hlutverk Trulove í uppsetningu Íslensku óperunnar á *The Rake's Progress* haustið 2006 og Grenvils læknis í *La traviata* vorið 2008. Þá flutti hann Vetrarferð Schuberts í leikrænni útfærslu ásamt Kurt Kopecky árin 2008 og 2010 og var í kjölfarið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna í flokknum Rödd ársins. Hann söng hlutverk Sparafucile í *Rigoletto* hjá Íslensku óperunni haustið 2010, Sarastró í *Töfraflautunni* haustið 2012 og Colline í *La bohème* vorið 2012. Haustið 2013 söng Jóhann Smári hlutverk Il Commendatore í *Don Giovanni* eftir Mozart við Skosku óperuna í Glasgow, í leikstjórn Sir Thomas Allen.



Lilja Guðmundsdóttir (Smáfrænka 2) ólst upp á Kópaskeri og stundaði söngnám í Tónlistarskólanum á Akureyri, við Söngskóla Sigurðar Demetz og í Konservatorium Wien í Vínarborg. Hennar helstu kennarar voru Sigríður Aðalsteinsdóttir, Sigrún Hjálmtýsdóttir og Uta Schwabe. Meðal hlutverka hennar í skólanum í Vínarborg voru Fiordiligi í *Così fan tutte*, Lauretta í *Gianni Schicchi*, Corinna í *Il Viaggio a Reims* og Anne Trulove í *The Rake's Progress*. Önnur hlutverk í Vínarborg eru Suor Osmina og Una Novizia í uppsetningu Theater an der Wien 2012 á *Suor Angelica* og Næturdrottninguna í uppfærslu Oh!pera á *Töfraflautunni* sumarið 2014. Hér heima hefur Lilja sungið hlutverk Donnu Elviru úr *Don Giovanni* með Sínfóníuhljómsveit unga fólksins og Frasquitu í *Carmen* hjá Íslensku óperunni.

Lilja hlaut styrki vorið 2009 og 2010 frá píanistanum Dalton Baldwin til að sækja námskeið í Frakklandi, fyrst í L'Académie Internationale d'Été de Nice og seinna Académie musicale de Villecroze. Vorið 2010 hlaut hún styrk úr Minningarsjóði Sigurðar Demetz og 2012 hlaut hún styrk úr Styrktarsjóði Önnu K. Nordal og hélt af því tilefni tónleika í Salnum í Kópavogi með Jónasi Ingimundarsyni.

Oddur Arnþór Jónsson (Ned Keene) stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og Alex Ashworth og lauk burtfararprófi með ágætiseinkunn. Hann lauk meistaraþráðu frá Universitát Mozarteum í Salzburg vorið 2014 og hlaut Lilli Lehmann-viðurkenninguna fyrir framúrskarandi meistaraþróf í óperusöng. Kennarar hans við skólann voru Andreas Macco, Martha Sharp, Eike Gramss, Gernot Sahler, Breda Zakotnik og Julia Pujol.



Oddur hefur hlotið fjölda viðurkenninga í alþjóðlegum keppnum. Hann sigraði Brahms-keppnina í Pörschach í Austurríki; varð þriðji í Schubert-keppninni í Dortmund og þriðji í Musica Sacra-keppninni í Róm. Hann fékk Schubert-verðlaunin og verðlaun fyrir besta ljóða- og óratóríuflytjandann í Francesc Viñas-keppninni í Barcelona. Hann söng í úrslitum Belvedere-keppinnar og í alþjóðlegu Mozart-keppninni. Oddur hefur sungið Greifann í *Brúðkaupi Fígarós*, Guglielmo í *Così fan tutte*, Belcore í *Ástardrykknum*, Orest í *Iphigenie auf Tauris* eftir Gluck, Kaiser í *Kaiser von Atlantis* eftir Ullmann og Herald í *The Burning Fiery Furnace* eftir Britten. Sem einsöngvari hefur Oddur sungið Jesús í Jóhannesarpassíunni, bassahlutverkin í H-moll messunni og Jólaóratóríunni eftir Bach. Hann hefur einnig sungið kantötur og messur eftir Bach og Mozart. Í haust söng hann í fyrsta sinn við Íslensku óperuna, hlutverk Rodrigo í *Don Carlo*, og var útnefndur Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum í vor. Í febrúar síðastliðnum söng hann *Lied von der Erde* eftir Mahler í Garnier-óperunni í París í ballettuppsetningu John Neumeier.



Ólafur Kjartan Sigurðarson (Balstrode) er íslenskur tónleika- og óperugestur að góðu kunnur. Hann var fastráðinn söngvari við Íslensku óperuna 2001-2004 og meðal hlutverka hans þar eru Scarpia, Macbeth, Papageno, tveir Fígaróar (Rossini og Mozart), Schaunard og Tarquinius. Hann nam við Söngskólann í Reykjavík hjá Guðmundi Jónssyni og Ólafi Vigni Albertssyni, við Royal Academy of Music og við Royal Scottish Academy of Music and Drama, en þaðan lauk hann mastersgráðu árið 1998.

Undanfarin ár hefur starfsvettvangur Ólafs Kjartans verið á meginlandi Evrópu, en hann hefur verið fastráðinn við óperuna í Saarbrücken frá 2008. Af fjölda mörgum hlutverkum hans á liðnum misserum eru barítónar Verdi, Puccini og Wagner hvað mest áberandi; Macbeth, Iago, Renato, Falstaff, Scarpia, Jack Rance, Telramund, Alberich, Klingsor, Hollendingurinn fljúgandi og síðast en ekki síst Rigoletto. Hann hefur einnig hlotið lof fyrir túlkun sína á Barnaba, Bláskegg, Escamillo, Gérard, Jochanaan og Tonio svo fáein hlutverk séu nefnd. Ólafur Kjartan hefur hlotið ýmsar viðurkenningar, m.a. Grímuverðlaunin og áhorfendaverðlaun Opera Holland Park fyrir túlkun sína á Rigoletto og fyrir Jochanaan í *Salome* var hann valinn söngvari ársins við óperuna í Saarbrücken.

 @olisigurdarson



Niunda sinfónía Beethovens er áberandi í tónleikadagskrá komandi starfsárs, m.a. við vígslu nýrrar tónleikahallar í Lugano undir stjórn Vladimirs Ashkenazy, með Fílharmoníunni í Stuttgart og á tónleikaferð um Japan, í Tókýó, Osaka og Yokohama. Í nóvember mun Ólafur Kjartan flytja *Kindertotenlieder* með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Af óperuhlutverkum framundan má nefna *Der Wanderer* í *Siegfried* með Fílharmoníunni í Dortmund, *Rigoletto*, *Balstrode* og *Falstaff* við óperuna í Saarbrücken og hlutverk Hollendingins fljúgandi við Finnsku Þjóðaróperuna í Helsinki.

Snorri Wium (Bob Boles) stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík hjá Magnúsi Jónssyni og Dóru Reyndal. Að því loknu hélt hann til náms í Vínarborg og lauk diplom-prófi frá tónlistarháskólanum þar í borg árið 1992. Aðalkennarar hans þar voru Svanhvít Egilsdóttir og Carol Blencho-Mayo. Þar fór hann m.a. með hlutverk Rodolfo í *La bohème*, Lionels í *Mörtu* og Hans í *Seldu brúðinni*. Snorri hefur sungið með Jugendstil Theater, Salzburger Tourne, við óperuhúsin í Lipstadt, Flensburg Kaiserslautern og víðar. Þá söng hann þrjú sumur í kór Wagnerhátíðarinnar í Bayreuth. Snorri var fastráðinn sem einsöngvari við óperuna í Coburg í Þýskalandi á árunum 1992-1996.

Í Íslensku óperunni hefur hann m.a. sungið hlutverk Dr. Blind í *Leðurblökunni*, Malcolms í *Macbeth*, titilhlutverkið í óperunni *Werther* og hlutverk Don Basilios og Don Curizos í *Brúðkaupi Fígarós*, Pedrillo í *Brottnáminu úr kvennabúrinu* og Tóbíasar Ragg í *Sweeney Todd*. Hann söng hlutverk stýrimannsins í *Hollendingnum fljúgandi* hjá Þjóðleikhúsinu árið 2000. Snorri hefur starfað við við fjölda óperuhúsa ýmist sem gestur eða fastráðinn söngvari bæði í Austurríki og Þýskalandi. Meðal helstu hlutverka má nefna Andreas, Cochenille, Franz og Pitichinaccio í *Ævintýrum Hoffmanns*, Pedrillo í *Brottnáminu úr kvennabúrinu*, Loka í *Rheingold* og titilhlutverkið í *Werther*. Hann söng hlutverk Monostatosar í *Töfraflautunni* hjá Íslensku óperunni haustið 2011, Ruiz í *Il trovatore* 2012 og Remendado í *Carmen* haustið 2013.



Viðar Gunnarsson (Swallow) stundaði tónlistarnám við Söngskólann í Reykjavík þar sem Garðar Cortes var aðalkennari hans og síðar framhaldsnám hjá Folke Sällström í Stokkhólmi á árunum 1981 til 1984. Að námi loknu í Svíþjóð starfaði hann hjá bókaforlaginu Vöku-Helgafelli ásamt því að syngja reglulega við Íslensku óperuna frá 1984 og Þjóðleikhúsið frá 1985. Viðar var ráðinn óperusöngvari við Kammeróperuna og Schönbrunner Schloßtheater í Vínarborg 1989-1990 og var fastráðinn við Ríkisleikhúsið í Wiesbaden á árunum 1990 til 1995. Árið 1994 söng hann hlutverk Regins, Fáfnis og Högna í uppsetningu Þjóðleikhússins, Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Íslensku óperunnar og Listahátíðar á *Niflungahringnum*.

Á ferli sínum hefur Viðar komið fram í óperuhúsum víða um Evrópu, m.a. í Ríkisóperunni í Berlín, Bonn, Essen, Mannheim, Frankfurt, Stuttgart, Wiesbaden, Kassel, Dortmund, Genf, Bern, Vínarborg, Bregenz, Prag, Tel Aviv og Seoul í Suður-Kóreu. Meðal hlutverka sem Viðar hefur sungið eru Colline í *La Bohème*, Pater Guardiano í *Á valdi örlaganna*, Fiesco í *Simon Boccanegra*, Zaccaria í Nabucco, Grand Inquisitor í *Don Carlos*, Il Re og Ramfis í *Aidu*, Sarastro í *Töfraflautunni*, Il Commendatore í *Don Giovanni*, titilhlutverkið í *Boris Godunov*, auk ólíkra hlutverka í mörgum af óperum Wagners. Viðar hefur komið fram sem einsöngvari með íslenskum og erlendum kórum, sem og með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Meðal hlutverka hans hjá Íslensku óperunni á undanförunum árum eru Ferrando í *Il trovatore*, Zuniga í *Carmen*, Brynjólfur biskup í *Ragnheiði* og Munkur (Karl V) í *Don Carlo*.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

22. maí 2015

1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Greta Guðnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Pálína Árnadóttir
Andrzej Kleina
Lin Wei
Júliana Elin Kjartansdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Mark Reedman
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir

2. FÍÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson
Gunnhildur Daðadóttir
Roland Hartwell
Ólöf Þorvarðsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Christian Diethard
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Ingrid Karlsdóttir
Kristján Matthíasson

VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Móeiður Sigurðardóttir
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Ásdís Runólfssdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Sesselja Halldórsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Júliana Mogensen
Margrét Árnadóttir
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Björgvinsdóttir
Ólöf Sigursveinsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Þórir Jóhannsson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Bjárnar Ingason
Rúnar Vilbergsson

HORN

Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdímarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

CELESTA/ORGEL

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson



Kvennatónleikar Sinfóníunnar

Baráttukonur og brautryðjendur

Fim. 11. júní » 19:30

100
ÁRA | KOSNINGARÉTTUR
KVENNA Á ÍSLANDI

Anna Þorvaldsdóttir *Dreymi*
Jórunn Viðar *Slátta, píanókonsert*
Amy Beach *Gelíska sínfónían*

Ligia Amadio *hljómssveitarstjóri*
Ástríður Alda Sigurðardóttir
einleikari

Sinfónían fagnar aldarafmæli kosningaréttar kvenna með sögulegum tónleikum þar sem baráttukonur og brautryðjendur verða í brennidepli. Jórunn Viðar er eitt af höfuðtónskáldum 20. aldar og Amy Beach var fyrsta bandaríska kventónskáldið sem átti miklum vinsældum að fagna heima fyrir og í Evrópu. Anna Þorvaldsdóttir

er í fremstu röð yngri tónskálda og hlaut meðal annars Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir verk sitt, Dreymi.

Einleikari á tónleikunum er Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari og stjórnandi er Ligia Amadio, aðalhljómssveitarstjóri Fílharmóníuhljómssveitar Bogotá í Kólumbíu.



@icelandsymphony #sinfó

Kór Íslensku óperunnar

SÓPRAN

Elma Atladóttir
Fjóla Kristín Nikulásdóttir
Guðrún Helga Stefánsdóttir
Hanna Björk Guðjónsdóttir
Hanna Þóra Guðbrandsdóttir
Ingibjörg Ólafsdóttir
Þóra Björnsdóttir
Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir

ALT

Eyrún Unnarsdóttir
Hildigunnur Einarsdóttir
Jóhanna Ósk Valsdóttir
Kristín Sigurðardóttir
Rósalind Gísladóttir
Sigurlaug Knudsen
Soffía Stefánsdóttir
Svava Kristín Ingólfsdóttir

TENÓR

Jón Ingi Stefánsson
Kristinn Kristinsson
Niels Bjarnason
Ólafur Rúnarsson
Pétur Húni Björnsson
Skarphéðinn Hjartarson
Sveinn Enok Jóhannsson
Þorbjörn Rúnarsson

BASSI

Alessandro Cernuzzi
Ásgeir Eiríksson
Hjálmar P. Pétursson
Jón Leifsson
Júlíus Einarsson
Sigurður Haukur Gíslason
Steinþór Jasonarson
Sæberg Sigurðsson

Anna Helga Björnsdóttir *textastjórnun*
Antonia Hevesi *æfingastjóri og píanóleikari*
Ólafur Haukur Matthíasson *leiksviðsstjóri*
Þógrímur Darri Jónsson, Ýmir Halldórsson og Pálmi Sverrisson *ljósamenn*



Nº29
2015

Listahátíð
í Reykjavík

Miðasala á
listahatid.is


7. júní, kl. 20:00
@ Harpa, Eldborg

Julia Migenes Mannsröddin eftir Francis Poulenc

Lokaviðburður Listahátíðar 2015

Meistaraverk Francis Poulenc í flutningi hinnar stórbrotnu Julíu Mígenes. Leikstjóri er Þorleifur Örn Arnarsson og meðleikari Julíu á píanó er Árni Heiðar Karlsson. Unnið í samstarfi við Hessisches Staatstheater Wiesbaden.

Stofnaðilar



Máttarstólpi



Bakhjarlar



